

6

11. febr.

2. gr.

Vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 2500 kr., þann höfuðstól má ekki síðar skerða.

3. gr.

Þá er höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð sem til er tekin í 2. tölulið skal ávallt leggjja $\frac{1}{10}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn, en hinum hluta vaxtanna skal varið til viðhalds hreppsvegum Flateyjarhrepps þannig, að þeim sé ávallt haldið í góðu standi að öllu leyti með þessum fjárstyrk ásamt því, sem hreppurinn leggur til viðhalds vegunum samkvæmt gildandi reglum.

4. gr.

Hreppsnefndin í Flateyrarhreppi hefir á hendi stjórn gjafasjóðsins, og gerir reikningsskil fyrir sjóðnum um hvert ár; skal reikningurinn sendur sýslunefndinni í Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar fyrir fyrsta marz næsta ár á eftir.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávallt ávaxta í skuldabréfum, útgefnum eða tryggðum af landssjóði Íslands, eða íslenzku bæjarfélagi eða í útlendum ríkis- eða sveitarfélagaskuldabréfum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands svo lengi sem þau njóta að minnsta kosti sömu hlunninda sem nú hjá landssjóði að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast við höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggu sparisjóði eða banka.

Öll verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins, og bera áritun stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum, og ber að útvega konungsstaðfesting á henni, og kemur hún þá í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn staðfestar 8. ágúst 1908 (Stjtið. B. 1908, bls. 354—355).

7

2. marz

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborg með lóðum og mannvirkjum, eign Togarafél. Ísfirðinga.
2. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hálfðans Hálfðanarsonar.

3. Miðkaupstaðareign, Sundamegin, eign Guðmundar Björnssonar.
4. Aðalstræti nr. 8, lóðin, eign Jóhönnu Ívarsdóttur o. fl.
5. Aðalstræti nr. 11, lóðin, eign Marisar Gilsfjörð o. fl.
6. Aðalstræti nr. 15, lóðin, eign þrotabús Marselliusar Bernharðssonar.
7. Hafnarstræti nr. 11, lóðin, eign Kristjáns H. Jónssonar og Steins Leóssonar.
8. Lóð Guðjóns L. Jónssonar við Hafnarstræti, svonefnt Félagshús.
9. Hafnarstræti nr. 1, lóðin, eign Elíasar J. Pálsonar.
10. Hafnarstræti nr. 3, lóðin, eign Finnbjarnar Finnbjörnssonar.
11. Lóðin undir húð Soffiu Jóhannesdóttur, eign Óla Ketilssonar.
12. Eignarlóð h/f. Fiskimjöl á Torfnesi.
13. Lóð Jóns Þorbergssonar o. fl. við Skipagötu.
14. Lóð Ástmars Benediktssonar við Sundstræti.
15. Lóð Guðmundar Björnssonar milli Skipagötu og Sundstrætis.
16. Lóð Jóns S. Edwald og Júlíusar Guðmundssonar, fyrverandi eign Andreu Filippusdóttur við Sundstræti.
17. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
18. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Sundstræti og Skipagötu.
19. Lóð H. Häslers við Waardstún.
20. Lóð Hannesar Halldórsonar, Skipagata 14.
21. Lóð Egils Kr. Jónssonar, Skipagata 12.
22. Lóð Ragnars Guðjónssonar o. fl., Aðalstræti 12.
23. Lóð Óla og Ágústs Péturssonar undir svonefndum Árnahjalli.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

SKRÁ

8

6. marz

yfir gjöld fyrir störf þau, sem lögskráningarstjórar inna af höndum samkvæmt lögum nr. 53, 19. maí 1930, um lögskráning sjómanna, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár.

Fyrir lögskráningu	kr. 0,25 á mann
— afskráningu	— 0,25 — —
— viðskiptabók	— 1,00 — —
— sjóferðabók	— 2,00 — —
— skipshafnarskrá (innhefta)	— 1,25 — —
— skipshafnarskrá (óinnh.)	— 0,75 — —